

Ársskýrsla
Æskulýðsnefndar Andvara 2012



Efnisyfirlit

Samantekt	3
Upphafshátíð	3
Dagskrá Æskulýðsnefndar 2012	3
Vetrarleikar/mót	4
Smalamót	4
Æskulýðsleikar Andvara og Gusts	4
Landsmót 2012 Reykjavík	5
Æskan og hesturinn	6
Fjölskyldureiðtúr	6
Námskeiðahald	7
Pollanámskeiðið	7
Krakkanámskeiðið	7
Keppnisnámskeið	8
Knapamerki	9
Vísindaferð á Syðri-Gegnishóla	10
Krakkadagurinn	10
Uppskeruhátíð Andvara	11
Efnilegasta stúlkan – Bríet Guðmundsdóttir	11
Efnilegasta drengurinn – Kristófer Darri Sigurðsson	12

Samantekt

Æskulýðsnefnd Andvara var mjög metnaðarfull þetta árið og sýndi dagskrá vetrarins þess merki. Lögð var áhersla á að vera með viðburði fyrir aðila sem vildu stunda hestamennskuna sem keppnisíþrótt jafnt og þá aðila sem stunda hana sem áhugamál og skipti þar félagaslegi þátturinn miklu máli. Viðburðir eins og vísindaferð á Syðri-Gegnihóla, Æskan og hesturinn sameinuðu krakkanna og styrktu tengsl þeirra á milli.

Dagskrá vetrarins var metnaðarfull eins og áður segir, boðið var uppá námskeið sem hentuðu víðum hópi innan hestamennskunar. Mikill ánægja var með allt námskeiðahald innan félagsins sem sýndi sig t.d. í auknum fjölda innanfélagsmóta. Öll umgjörð v. æskuna á Landsmótinu var félaginu til mikilla sóma og greinilegt var að mikill framtíð er innan félagsins.

Starfið var líka unnið í mikilli samvinnu við æskulýðsnefnd Gusts og þökkum við þeim ánægjulegt samstarf.

Æskulýðsnefnd Andvara skipuðu eftirtaldir árið 2012:

Hrafnhildur Pálsdóttir
Ásrún Óladóttir
Sigríður Óladóttir
Sigurður Ólafsson
Sævar Guðbergsson
Tryggvi Þór Ágústsson

Upphafshátíð

Árið var sett með kynningu á starfsemi Æskulýðsnefndar 8. Janúar. Kynning var á námskeiðum sem voru í boði polla-, krakka-, keppnis- og knapanámskeið. Ráðnir kennarar kynntu sig og uppsetningu þeirra námskeiða sem þeir voru í forsvari fyrir. Reiðkennarnir stóðu fyrir spurningakeppni og var megininnihald spurninganna hestar og hestamennska. Undirbúningur f. Æskan og hesturinn hafin og mikil spennan í krökkunum að taka þátt í verkefninu. Boðið uppá pizzur og drykki.

Dagskrá Æskulýðsnefndar 2012

8.jan. Upphafshátíð og kynning á vetrarstarfinu
9.jan. Knapamerkjanámskeið hefjast
23.jan. Krakkanámskeið (6 tímar)
7.feb. Heimsókn til Olil Amble
18.feb. Æfingar fyrir Æskan og hesturinn hefjast
18.feb. Pollanámskeið hefst
4.mar. Krakkadagurinn
5.mar. Krakkanámskeið (6 tímar)
25.mar. Smalamót Andvara og Gusts

- 1.apr. Sýningin Æskan og hesturinn
- 1.maí. Æskulýðsmót Andvara og Gusts
- 11.maí. Fjölskyldureiðtúr
- 18.sept. Uppskeruhátíð

Vetrarleikar/mót

Haldnir voru 3 vetrarleikar og var þátttaka æskunnar glæsileg. Frumherji var aðalstyrktaraðili vetrarleikanna. Mótið var mótaröð og talið til stiga fyrir hvert mót og svo sameiginlegir meistarar verðlaunaðir í lokin. Pollarnir og börnin kepptu ávallt inni reiðhöll Andvara, en unglingar og ungmenni úti á velli. Síðustu vetrarleikarnir voru sameiginlegir með Gust og fjölmennir, mikil eftirvænting er eftir formlegri sameiningu.

Smalamót

Haldið var sameiginlegt smalamót fyrir félagsmenn Andvara og Gusts. Þátttaka var mjög góð, braut var sett upp af reiðkennaranum Erlu Guðný. Mótið var haldið í 3. skipti og tókst mjög vel, skemmtileg nálgun frá hefbundinni reiðmennsku eða námskeiðum.

Æskulýðsleikar Andvara og Gusts

Sameiginlegt gæðingamót á vegum æskulýðsdeilda Andvara og Gusts var haldið þriðjudaginn 1.maí. Mótið er árlegt og undirbúningur f. Gæðingamót Andvara, mótið var styrkt af Hátækni ehf. Börn, unglingar og ungmenni kepptu á hringvellingum í formi gæðingakeppni og máttu þátttakendur mæta með fleiri en einn hest til að sjá hvernig þeir myndu skora. Þátttaka á mótinu var góð og sérstaklega gaman að fylgjast með yngstu knöpunum sem margir hverjir voru að keppa í fyrsta skipti.



Mynd 1 - Glæsilegur hópur barna í Andvara og Gusti

Börn, unglingar og ungmenni kepptu á hringvellingum í formi gæðingakeppni og máttu þátttakendur mæta með fleiri en einn hest til að sjá hvernig þeir myndu skora. Þátttaka á mótinu var góð og sérstaklega gaman að fylgjast með yngstu knöpunum sem margir hverjir voru að keppa í fyrsta skipti.

Pollaflokkur keppti inni í reiðhöll og var skipt í tvennt. Annarsvegar þeir sem ríða sjálfir og hinsvegar þeir sem teymt er undir. Teymingarhópur sýndi tölt eða brokk. Þeir sem ríða sjálfir skulu sýna tvær gangtegundir, fet og síðan tölt eða brokk. Ekki var raðað í sæti í pollaflokknum heldur fengu allir verðlaunapening



Mynd 2 - Framtíðin björt hjá Andvara og Gusti

Landsmót 2012 Reykjavík

Haldið var á Landsmót 2012 með fullskipað í alla flokka eftir harða keppni á Gæðingamóti Andvara. Fimm einstaklingar kepptu í hverjum flokki og stóðu sig með miklum glæsileika. Reiðkennarnir Erla Guðný Gylfadóttir og Jón Ólafur Guðmundsson fylgdu krökkunum í gegnum allt mótið, með æfingum fyrir og miklum stuðning meðan á mótinu stóð. Samheldni hópsins var tryggð með því að leigja hesthús f. Keppendurna og þannig voru allir á sama stað og auðveldaði reiðkennurum vinnuna til muna. Haldin var glæsilegt sameiginlegt grill með Gusturum eitt kveldið sem var öllum til sóma.

Í úrslitum átti félagið Bríet Guðmundsdóttir í barnaflokki og Ellen Maríu Gunnarsdóttir í Ungmennaflokki.



Mynd 3 - Sameiginlegt grill, Andvara og Gust



Mynd 4 - Bríet í úrslitum í Barnaflokki

Æskan og hesturinn

Andvari og Gustur ákváðu að standa saman að æfingum fyrir æskuna og hestinn og leyfðum við okkur því að vera með 2 atriði. Annars vegar atriði eldri krakka sem æfðu af kappi í reiðhöll Andvara og hins vegar atriði yngri krakkana sem æfðu á vegum Gusts. Þetta þótti okkur skemmtilegt því áhugasöm börn í yngri kantinum eru mörg.

Ekki má gleyma að krakkarnir okkar tóku líka þátt í sameiginlegu atriði yngri krakka (töltslaufunni), pollaflokki – teymdir og pollar sem ríða sjálf, sem og í smalaatriðinu.

Það er mat æskulýðsnefndar að Æskan og hesturinn gegni mjög mikilvægu hlutverki í því að auka áhuga á hestamennsku almennt og sé um leið skemmtilegur vettvangur fyrir börnin okkar til að æfa sig í því að koma fram á hestasýningu. Það var því mjög ánægulegt að sýningin skyldi endurvakin eftir að hafa fallið niður árið 2011 og æskulýðsnefndin styður eindregið að sýningin verði árlegur viðburður.



Mynd 5 - Eldri hópur



Mynd 6 - Yngri hópur

Fjölskyldureiðtúr

Farið var í fjölskyldureiðtúr í lok maí. Riðið var inn í Heiðmörkina og komið við í Guðmundarlundi á heimleið þar sem grillaðar pylsur biðu þátttakenda.

Það hefur ekki oft áður verið farið í skipulagðan fjölskyldureiðtúr og vonumst við til að hann verði að góðri hefð.

Námskeiðahald

Æskulýðsnefndir Andvara og Gusts stóðu í sameiningu fyrir eftirfarandi námskeiðum: Pollanámskeið fyrir yngstu börnin, krakkanámskeið, knapamerki 1 – 5 og keppnisnámskeið

Reiðkennararnir Halla María Þórðardóttir, Vilfríður Sæþórsdóttir sáu um kennsluna s.l. vetur ásamt Erlu Guðný Gylfadóttur og Jón Guðmundssyni.

Garðabær styrkti æskulýðsstarfið rausnarlega og var stór hluti af því notaður til að niðurgreiða námskeiðin.

Pollanámskeiðið

Pollanámskeið voru ætluð yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Boðið var upp á námskeið í janúar og annað í apríl. Hvort námskeið var í 6 skipti.



Mynd 7 - Glæsilegir pollar á vetrarleikum eftir góðann undirbúning frá pollanámskeiði

Krakkanámskeiðið

var ætlað þeim sem lengra eru komnir en hafa ekki aldur til að fara á knapamerkjánámskeið, en lágmarksaldur þar er 12 ára. Námskeiðið var í 6 skipti í janúar og apríl.

Þátttakendur á þessum námskeiðum og aðstandendur þeirra voru almennt mjög ánægðir með fyrirkomulag og kennsluna. Halla María Þórðardóttir sá um kennsluna á þessum námskeiðum.



Mynd 8 - Upprennandi knapar á krakkanámskeiði

Keppnisnámskeið

Var fyrir börn, unglinga og ungmenni í Andvara og var því ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.

Námskeiðið hófst í byrjun mars og fór fram í reiðhöll Andvara. Þátttakendur voru 19 á þessu námskeiði

Þar sem fyrirkomulag þessara námkeiða í fyrra þótti takast mjög vel var ákveðið að hafa það eins í ár. Byrjað var með að kenna í þriggja manna hópum en síðan var farið að kenna einstaklingslega og fékk hver þáttakandi þá 20 mín einu sinni til tvisvar sinnum vikur. Kennarar fylgdu þeim sem þess óskuðu á Líflandsmótið, Reykjavíkurmeistaramóti og Æskulýðsmót Andvara og Gusts og voru þeim til aðstoðar. Einnig var Æskulýðsmótið tekið upp á myndband og dómara fengnir til að skrá niður ábendingar til knapa sem kennarar fóru svo yfir með þeim.

Þeim krökkum sem komust inn á landsmót var boðin þjálfun fram að móti og kennarar voru með þeim á mótinu til halds og traust. Æskulýðsnefnd og foreldrar eru sérstaklega ánægð með kennarana á þessu námskeiði þau Erlu Guðný Gylfadóttir og Jón Ólaf Guðmundsson og það var keppendum á landmóti mikill styrkur að hafa þau til staðar.

Krakkarnir okkar voru mjög dugleg að mæta á mót í vetur og sumar og stóðu sig með prýði á þeim.



Mynd 9 - Sigurvegari unglingaflokks á Gæðingamóti Andvara 2012

Knapamerki

Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í vetur. Bóklegu tímarnir hófust í nóvember í byrjun janúar var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni. Kennari á námskeiðunum var Vilfríður Sæþórsdóttir

Það voru sex sem tóku knapamerki 1, fimm kláruðu knapamerki 2, sex sem luku knapamerki 3, og þrjár stúlkur kláruðu knapamerki 5. Allir þessir nemendur stóðu sig mjög vel.



Mynd 10 - Nemendur úr knapamerki 5

Vísindaferð á Syðri-Gegnishóla

Æskulýðsnefndir Andvara og Gusts stóðu fyrir heimsókn til þeirra heiðurshjóna Olil Amble og Bergs Jónssonar á Syðri-Gegnishólum. Rúmlega 20 manna hópur fór austur í rútu og fengu frábærar móttökur.


Þegar mætt var á staðinn voru 3 hross á fjórða vetri í þjálfun í reiðhöllinni, við fylgdumst með þeim á meðan Olil og Bergur sögðu okkur frá því sem þau eru að gera. Þá var haldið inn í hesthúsið þar sem þau sýndu okkur hestakostinn. Þau eru með um 60 hross á húsi, mikið ung hross sem eflaust eiga eftir að sýna sig á komandi kynbótasýningum og í keppni. Olil sýndi skemmtilegar grunnæfingar á Suðrasyninum Vestra frá Hellubæ, æfingar sem allir hestar þurfa að ganga í gegnum. Að lokum spurðu krakkarnir þau um hin ýmsu mál sem þau eru að kljást við með sína hesta og fengu góð ráð.



Mynd 11 - Olil sýnir liðkandi æfingarMynd 12 - Áhugasamir nemendur

Krakkadagurinn

Hinn árlegi krakkadagur Andvara var haldinn sunnudaginn 4.mars. Dagurinn tókst mjög vel og voru það ánægð börn sem léku sér í reiðhöllinni í hoppukastölum og fengu sér pylsur í boði æskulýðsnefndar.



Mynd 13 - Krakkar í leik í hoppukastala og rennubraut



Mynd 14 - Allir fengu pylsur og svala

Uppskeruhátíð Andvara

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Andvara var þriðjudaginn 18.september. Þar var m.a afhent knapamerkjaskírteini og skírteini fyrir námskeið vetrarins. Einnig voru valdir efnilegustu knapar félagsing þetta árið. Fyrir valinu urður Bríet Guðmundsdóttir og Kristófer Darri Sigurðsson.



Mynd 15 - Móttaka knapamerkja og skírteina

Efnilegasta stúlkan – Bríet Guðmundsdóttir

Bríet er mjög áhugasamur og duglegur reiðmaður. Hún er útsjónarsöm á hesti og hefur mikla tilfinningu fyrir því sem hún er að gera. Hún hefur mikinn áhuga og er mjög vaxandi reiðmaður.

Bríet kláraði knapamerki 2 og keppnisnámskeiðið í vetur, ásamt því að taka þátt í Æskan og hesturinn og öllum þeim uppákomum sem voru í boði í félaginu. Hún tók þátt í vetrarleikum og fleirum mótum sem voru í boði ásamt nokkrum utanfélagsmótum.

Bríet komst í úrslit í barnaflokki á Landsmótinu í sumar og lenti í 5.sæti.



Mynd 16 - Bríet í 5. sæti á Landsmóti 2012

Efnilegasta drengurinn – Kristófer Darri Sigurðsson

Kristófer er áhugasamur knapi og mikill keppnismaður. Hann fer vel á hesti, hefur mjög góða ásetu. Með áhuga og ástundun hefur hann náð gríðarlegum framförum í vetur. Kristófer tók þátt í æskan og hesturinn, var á keppnisnámskeiði og duglegur að taka þátt í mótum á vegum félagsins sem og öðrum mótum með góðum árangri. Hann var samanlagður sigurvegari í barnaflokki á vetrarleikum Andvara og Gust, 2. Sæti á

Æskulýðsmóti Andvara og
Gæðingamóti Andvara,
Íþróttamóti Andvara 2. Sæti
tölta, 1. Sæti í fjórgang og
sameiginlagður
fjórgangsmeistari í
barnaflokki, 1-2. Sæti í T7 á
Íþróttamóti Harðar sem og
úrslit á fleiri mótum eins og
Sumarsmelli Harðar, Stórmóti
Geysis og Suðurlandsmótinu.



Mynd 17 - Í töltkeppni á Sumarsmelli Harðar 2012